

## Undraland – aðgerðaráætlun 2019 – 2020 vegna innleiðingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í frístundaheimilið.

Umbótaþáttur	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Ábyrgðaraðili skólans(fulltrúi kenn., skólastj.)	Hvernig og hvenær verður árangur metinn?
42. grein Hafa Barnasáttmálann sýnilegri í frístundaheimilinu.	Markmið að fleiri börn þekki barnasáttmálann og innihald hans.	Hengja upp barnasáttmálann og vísanir úr honum víðsvegar um frístundaheimilið, þannig að börn tengi athæfi og hluti við sáttmálann.	Að börn þekki betur sáttmálann og geti nefnt eitthvað úr innihaldi hans.	Stjórnendur frístundaheimilisins.	Með viðhorfskönnun Unicef á hverju ári.
12. grein Leyfa börnum að segja skoðanir sínar.	Að börn hafi meiri áhrif á fjölbreytileika og val í frístundaheimilinu.	Setja upp hugmyndakassa og fara eftir hugmyndum úr honum.	Að börnin sjái að það sé verið að gera það sem þau biðja um.	Starfsfólk Undralands.	Starfsmenn meta árangur út frá samtölum við börn og á starfsmannafundum.
12. grein Leyfa börnunum að segja sínar skoðanir.	Að börn viti að samverustundir séu frekar fundir fyrir þau til að segja sína skoðun, heldur en tími þar sem þau fá upplýsingar.	Kynna fyrir börnunum á hausti um hvað samverustundir snúast og viðhalda þeim upplýsingum. Tengja rými þar sem samverustundir eru við barnasáttmálann.	Þegar börnin eru farin að taka meiri þátt í samverustundum.	Starfsfólk Undralands sem sér um samverustundir og stjórnendur frístundaheimilisins.	Metið um áramót á starfsmannafundi.
4. grein Barnasáttmállinn verði hluti af daglegu starfi.	Að starfsfólk og börn noti barnasáttmálann í daglegri umræðu.	Að starfsfólk sé meðvitað um réttindi barna og geti miðlað þeim upplýsingum til barnanna í daglegri umræðu.	Þegar börnin eru farin að vitna í barnasáttmálann í frístundaheimilinu.	Stjórnendur og annað starfsfólk Undralands.	Metið um áramót á starfsmannafundi.

4. grein Barnasáttmálinn verði hluti af daglegu starfi.	Hafa sjónarmið barna í huga þegar reglur eru endurskoðaðar – og breyta þeim í sáttmála.	Að börnin fái að fara í gegnum reglur frístundaheimilsins meta þær, bæta og breyta með þeirra sjónarmið í huga.	Að allir fari eftir sáttmálum og séu sáttir við þá.	Allir í Undralandi.	Að hausti og aftur eftir áramót.
2. 4. 12. og 29. grein. Undirbúa börn til að lifa ábyrgu lífi.	Að börn beri virðingu fyrir mannréttindum.	Fræða börn í frístundaheimilinu um mannréttindi og hvernig setja megi sig í spor annarra.	Allir þekki mannréttindi og barnasáttmálann. Betri samskipti. Könnun UNICEF.	Stjórnendur og annað starfsfólk Undralands.	Árleg könnun UNICEF.
3. grein Öryggi barna	Meiri öryggi á salernum í frístundaheimilinu.	Að það verði merkt í hvaða átt lásinn á að snúa til að læsa/opna og merki fyrir utan að passa að banka ef klósettið er ólæst. Merki hjá ljósi í kastala til að passa að sé ekki slökkt á aðalrofa án þess að athuga hvort einhver sé á klósettinu. Fá húsvörð til að athuga hvort hægt sé að aftengja aðalrofann í kastalanum.	Að börnin verði öruggari á salernum Undralands.	Stjórnendur Undralands og húsvörður.	Betri líðan barna, alltaf.